



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað og uppsetningu vegna pálmatrjáa í Vogabyggð - R19010428

Á fundi borgarráðs 7. október 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn um kostnað og uppsetningu vegna pálmatrjáa í Vogabyggð:

Pálmatré, tillaga þýska listamannsins Karin Sander, bar sigur úr bítum í samkeppninni um útilistaverk í Vogabyggð. Niðurstaða dómnefndar var kynnt í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum 29. janúar 2019. Verkið gerir ráð fyrir að tveimur pálmatrjám sé komið fyrir í stórum turnlaga gróðurhúsum og að frá þeim stafi ljós og hlýja.

- 1. Hvenær er áætlað að verkið rísi?*
- 2. Hvað hefur Reykjavíkurborg lagt til mikið fjármagn til undirbúnings og vinnu við verkið?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar menningar- og ferðamálasviðs.

Svar:

- Gert er ráð fyrir að framkvæmdin við listaverkið fylgi frágangi opinna svæða í hverfinu og er hönnun torgsins og uppbygging þess háð annarri uppbyggingu við torgið og unnið í samráði við listamann verksins og lóðareigendur.
- Miðað við nóvember 2021 þá er heildarkostnaður vegna undirbúnings nú samtals kr. 8.865.858, sem er m.a. kostnaður vegna forvals, kynningarfunda, kostnaður vegna dómnefndar og þóknun til listamanna. Kostnaðaráætlun vegna þessara þátta var um 9,2 m.kr. Að auki hefur fallið til kostnaður kr. 1.242.250 sem er vegna raunhæfismats sem var framkvæmt af umhverfis- og skipulagssviði.

Virðingarfyllst

starfandi sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs
Huld Ingimarsdóttir